

**ADALFUNDUR FÁSES 2021**  
**Miðvikudagurinn 6. október 2021 - Kex Hostel**

Mætt: Flosi Jón Ófeigsson, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Ísak Pálmason, Steinunn Björk Bragadóttir, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Þórunn Hrönn Þórsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Alma Tryggvadóttir, Árný Eggertsdóttir, Erna Hlín Guðjónsdóttir, Málfríður Harðardóttir, Guðmundur Már, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Guðný María Arnþórsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Bryndís Baldvinsdóttir, Karl Ágúst Ipsen, Andrés J. Guðjónsson, Hrafnhildur Gísladóttir, Guðrún Elín Gísladóttir, Gísli Ólason Kærnested, Árný Eggertsdóttir, Jóna Dögg Smáradóttir, Ragna Gestsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Guðný Matthíasdóttir, Sigga Gróa og Róbert Halbergsson.

Fundur var settur kl. 19.05.

**1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Formaður Flosi Jón Ófeigsson bauð fundagesti velkomna. Hann lagði til að Hildur Tryggvadóttir Flóvenz yrði kosin fundarstjóri og var það samþykkt. Flosi lagði til að Laufey Helga Guðmundsdóttir yrði kosin fundarritari og var það samþykkt.

**2. Skýrsla stjórnar 2020-2021 kynnt og tekin til umræðu.**

Formaður FÁSES, Flosi Jón Ófeigsson, kynnti skýrslu stjórnar og helstu viðburði félagsins á liðnu ári. Því miður setti COVID strík í starfsemi FÁSES eins og átti við um flest félagsstarf, engin Söngvakeppni var haldin en þó voru 16 viðburðir haldnir á vegum FÁSES. Margir viðburðir voru haldnir á netinu en þó tókst t.d. að halda sameiginlegt áhorf á úrslit Melodifestivalen á Ölver. Alls greiddu 288 félagar árgjaldið og stjórnin lagði áherslu á innleiðingu rafrænna Cardskipper félagsskírteina. FÁSES liðar flyktust ekki á Eurovision í Rotterdam en í staðinn blés félagið til heilmikillar dagskrár í Eurovision vikunni í samstarfi við Kex Hostel. Daði og Gagnamagnið gerðu alla Eurovisionaðdáendur stolta með 4. sæti í Hollandi og það þrátt fyrir að hafa ekki staðið á sviðinu í höllinni í Rotterdam.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður en enginn tekur til máls.

**3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.**

Fundarstjóri bauð Ísaki Pálmasyni að koma í pontu og kynna ársreikning. Alls greiddu 288 félagar félagsgjöld síðasta ár.

Stjórn FÁSES samþykkti reikninginn fyrir sitt leyti og að hann yrði sendur skoðunarfulltrúum félagsins til yfirferðar. Skoðunarfulltrúar FÁSES, Halla Ingvarsdóttir og Eva Dögg Benediktsdóttir, hafa tekin reikninginn til skoðunar og samþykkt.

Spurt var um fjölda félaga sem greiddu félagsgjöld með Paypal en það ku ekki vera mikið notað. Spurt var hvort stjórn hafi leitað styrkja frá fyrirtækjum fyrir

starfsemi sína. Gjaldkeri sagði það ekki hafa verið gert umfram auglýsingar í Fréttabréf. Ábending var um að hægt væri að selja auglýsingar á vef FÁSES.

Staða félagsins er góð að sögn gjaldkera en það mætti eflaust eyða meiri peningum.

Ársreikningurinn var lagður fyrir fundinn til samþykktar. Hann var samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

#### **4. Breytingar á samþykktum félagsins.**

Fundarstjóri greindi frá því að samkvæmt 12. gr. samþykpta FÁSES skyldu allar tillögur að breytingum hafa borist stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur komu frá félögum og stjórn var heldur ekki með tillögur að breytingum á samþykktum FÁSES.

#### **5. Kosning til stjórnar og skoðunarfulltrúa.**

Fundarstjóri sagði frá því að borist höfðu þrjú framboð; eitt til ritara stjórnar Andrés J. Guðjónsson, tvö framboð til varafulltrúa; Heiður Dögg Sigmarsdóttir og Kristín Kristjánsdóttir. Fundarstjóri kallar eftir fleiri framboðum frá fundagestum.

Anna Sigríður Hafliðadóttir bauð sig fram sem skoðunarfulltrúa reikninga.

Hlé gert á fundi kl. 19:35.

Fundi var framhaldið kl. 19:45

Sunna Mímísdóttir kvaddi sér hljóðs og bauð fram krafta Evu Daggar Benediktsdóttur sem skoðunarfulltrúa reikninga.

Fundarstjóri lagði til að þeir sem höfðu boðið sig fram yrðu sjálfkjörnir. Var það samþykkt.

Formaður - kjör til tveggja ára. Enginn framboð bárust.

Ritari - kjör til tveggja ára Andrés J. Guðjónsson

1. varafulltrúi - kjör til eins árs Heiður Dögg Sigmarsdóttir.

2. varafulltrúi - kjör til eins árs Kristín H. Kristjánsdóttir.

Tveir skoðunarfulltrúar reikninga - kjör til eins árs. Eva Dögg Benediktsdóttir og Anna Sigríður Hafliðadóttir.

Skv. 6. gr. samþykpta FÁSES hefur stjórn heimild til þess að skipta í stöður og/eða gera breytingar á stjórn eftir þörfum berist ekki framboð í öll embætti. Tilkynnt að á fyrsta fundi stjórnar muni hún ganga í það mál að finna nýjan aðila í stjórn og endurraða hlutverkum innan hennar.

Nýir stjórnarfulltrúar boðnir hjartanlega velkomnir í stjórn FÁSES.

Þá ganga þrír úr stjórn; Flosi Jón Ófeigsson sem hættir eftir tíu ár innan stjórnar en hann hefur verið í stjórn frá upphafi, Laufey Helga Guðmundsdóttir og Steinunn Björk Bragadóttir. Flosi heldur kveðjuræðu.

#### **1. Önnur mál**

Alma Tryggvadóttir tekur til máls og þakkar Laufeyju Helgu Guðmundsdóttur fyrir vel unnin störf í þágu stjórnar.

Andrés J. Guðjónsson kynnir sig en hann er einn þriggja stjórnenda Facebook hópsins Júróvisjón 2022.

Eftir fundinn var spilað Eurovision Kahoot.

Fundarstjóri felur Flosa Jóni Ófeigssyni að slíta fundi sem hann gerir.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 20:06.